

Endurlausn, exodus og von í kvikmyndinni *The Shawshank Redemption*

Áhugi á notkun biblíulegra stefja í kvikmyndum hefur farið vaxandi á síðari árum og sífellt meira er fjallað um efnið.¹ Innan guðfræðinnar er það einkum gert annars vegar í þeirri grein sem kennd er við menningarfræði (e. *cultural studies*) og hins vegar á fræðasviði viðtökurannsóknna (e. *reception history*) eða áhrifasögu (e. *history of influence*) innan biblíufræðanna.² Er þar að sjálfsgöðu um náskyld fræðasvið að ræða.

Hér verður tekin til umfjöllunar ein allra vinsælasta kvikmynd síðari ára. Um er að ræða kvikmyndina *The Shawshank Redemption* frá árinu 1994. Hún hefur nokkur undanfarin ár verið meðal kennsluefnis í Guðfræði- og trúarbragðafræðideild Háskóla Íslands í inngangsnámskeiði á sviði gamltestamentisfræða. Réttlættingin fyrir því vali er sú að í myndinni megi greina margvíslegan skyldleika við nokkur af mikilvægustu guðfræðistefjum Gamla testamentisins, einkum exodusstefið og endurlausnarstefið.

Exodusstefið hefur verið mikið notað í bókmenntum og ýmsum listgreinum og kvikmyndir hafa verið gerðar um atburðinn.³ Ber þar hæst hina stórbrotnu kvikmynd Cecils B. De Mille *The Ten Commandments* (1956).⁴ Þá má nefna kvikmyndina *Exodus* (1960) sem fjallar um stofnun Ísraelsríkis nútímans og baráttuna fyrir því,⁵ teiknimyndina *The Prince of Egypt* (1997) og nú síðast *Exodus: Kings and Gods* (2014). Tvær síðastnefndu myndirnar eru með ólíkum hætti tilraun til að endursegja sögu Móse og atburði 2. Mósebókar.

Hér á eftir verður annars vegar kannað hvaða hlutverki exodus-stefið⁶ og þá um leið ímynd Móse gegna í kvikmyndinni⁷ *The Shawshank Redemption* og hins vegar endurlausnarhugtakið (e. *redemption*) sem nefnt er í heiti myndarinnar. Einnig verður rýnt í vonarhugtakið sem gegnir stóru hlutverki í myndinni.

Almennt um myndina

Kvikmyndin *The Shawshank Redemption* er í 1. sæti á lista Internet Movie Database yfir vinsælustu kvikmyndir allra tíma. Hróður myndarinnar og vinsældir hafa aukist með árunum því að í upphafi

¹ Sjá t.d. rit Harrys J. Kreitzer, *The Old Testament in Fiction and Film: On Reversing the Hermeneutical Flow*, Sheffield: Sheffield Academic Press, 1994.

² Dæmi um hið síðastnefnda er bókin *Áhrifasaga Saltarans* eftir Gunnlaug A. Jónsson, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2014.

³ Góða umfjöllun er að finna um efnið í bók Melanie J. Wright, *Moses in America: The Cultural Uses of Biblical Narrative*. Oxford: Oxford University Press, 2003. Sjá einnig: Ilana Pardes, „Moses Goes Down to Hollywood: Miracles And Special Effects“, *Semeia: An Experimental Journal for Biblical Criticism: Biblical Glamour and Hollywood Glitz*, 74/1996, bls. 15–32.

⁴ Sjá t.d. Kathryn Bernheimer, *The 50 Greatest Jewish Movies: A Critic's Ranking of the Very Best*, Secaucus: A Brich Lane Press, 1998, bls. 46–51. Einnig er ágæt og ítarleg umfjöllun um myndina, sem og áhrif Mósestefsins í bandarískri sögu og menningu, í ofangreindri bók Melanie J. Wright, *Moses in America*.

⁵ Sjá K. Bernheimer, *The 50 Greatest Jewish Movies*, bls. 42–45.

⁶ Með exodus-stefinu er átt við frelsun úr áþjón og vísað til helstu atburða 2. Mósebókar sem á latnesku og ýmsum öðrum skyldum tungumálum er nefnd Exodus (= brottför).

⁷ Um hlutverk Móse og exodus-stefsins í nokkrum helfararmyndum fjallar Gunnlaugur A. Jónsson í grein sinni „„Heldurðu að þú sért Móse?“ Notkun Exodusstefsins í nokkrum helfararmyndum“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 29/2009, bls. 23–44.

var fátt sem benti til slíkra vinsælda. Hún var vissulega tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna 1994 en varð að lúta í lægra haldi fyrir *Forest Gump* og fékk engin Óskarsverðlaun þegar upp var staðið en ýmis verðlaun önnur hefur hún hlotið.

Í sem allra stystu máli er söguþráður myndarinnar sá að Andy Dufresne, fyrrverandi banka- starfsmaður og raunar varaforseti í stórum banka (leikinn af Tim Robbins), er dæmdur í tvöfalt lífstíðarfangelsi fyrir meint morð á eiginkonu sinni og elskhuga hennar. Vistin í Shawshank- fangelsinu einkennist af miklu harðræði og kúgun þar sem ofbeldi er daglegt brauð. Þrátt fyrir að fara ekki varhluta af ofbeldinu missir Andy aldrei vonina og það er hún sem heldur honum gangandi.

Myndin er byggð á skáldsögu Stephens King *Rita Hayworth and the Shawshank Redemption* frá árinu 1982. Hún fjallar um vináttu tveggja einstaklinga í Shawshank-fangelsinu í Maine, von, iðrun, ranglæti og að lokum flóttu og frelsi. Efni myndarinnar virðist við fyrstu sýn engan veginn sérlega frumlegt en þannig er unnið úr því að hér er á ferðinni mynd sem verðskuldar þær miklu vinsældir sem henni hafa hlotnast. Myndin er háguðfræðileg, einstaklega vel leikin og fagmannlega unnin í alla staði. Hún vinnur auk þess á við kynni. Þetta er svo sannarlega mynd sem þolir að horft sé á hana oftar en einu sinni.

Andy kemur í Shawshank-fangelsið árið 1946 og við sjáum í upphafi hvernig þeir fangar sem eru fyrir í fangelsinu veðja um hver nýju fanganna muni brotna niður fyrstu nóttina í hinum nýju og óhugnanlegu vistarverum sínum. Ellis „Red“ Redding (Morgan Freeman), önnur söguhetja myndarinnar, veðjar á Andy en reynist ekki sannspár, ekki heyrst hljóð frá Andy alla nóttina.

Áhorfendur fá hins vegar þegar innsýn í ofbeldið í fangelsinu þegar fangaverðir refsá grimmilega einum nýju fanganna fyrir það eitt að hafa brotnað niður, grátið hástöfum og orðið eins og barn sem vildi fara heim og kallaði á mömmu sína í örvinglan sinni og angist. Barsmíðarnar sem hann mátti sæta voru slíkar að þær leiddu hann til dauða. Daginn eftir spurði Andy samfanga sína hvort þeir þekktu nafn þess sem dó. Þeir sýndu honum með látbragði og óhefluðu orðbragði að spurningin væri út í hött. Þessi maður væri dauður og þeim stæði nákvæmlega á sama um hver hann hefði verið.

Andy er í sjálfu sér engin ofurhetja og auðvelt er fyrir áhorfandann að samsama sig honum og finna til þeirrar skelfilegu tilhugsunar að vera dæmdur til svo harðrar refsingar fyrir brot sem maður hefur ekki framið. Andy er til dæmis alveg ófær um að verjast ítrekaðri nauðgun þriggja samfanga sinna, „systranna“ svokölluðu, sem gera tvö fyrstu ár hans í fangelsinu að hreinu helvíti. Fangaverðirnir láta ekki heldur sitt eftir liggja í ofbeldi og margs konar harðræði og fangelsisstjórinn sjálfur er holdgervingur harðræðisins.

Andy er einrænn og blandar í fyrstu lítt geði við aðra fanga, virðist enda af öðru sauðahúsi. En þar kemur að hann kynnist „Red“ sem þegar hefur afplánað tuttugu ára fangelsisvist og verið synjað um náðun. Hann kann ýmis ráð sem duga vel innan fangelsisins og getur m.a. smyglað þangað inn ýmsum varningi. Hann er sögumaður myndarinnar og er leikur Freemans hreint stórkostlegur. Áhorfandinn hlýtur að undrast stórum yfir að slíkur leikur skuli ekki hafa dugað til Óskars- verðlauna.

Þar kemur að Andy öðlast sérstöðu meðal fanganna er fangaverðirnir og einkum fangelsis- stjórinn komast að því að þeir geta nýtt sér kunnáttu hans á sviði banka- og skattamála til að hagnast og „þvo“ sína „óhreinu“ peninga. Hinn nýi starfsvettvangur Andys gerir honum kleift að leggja á ráðin um eigin björgun, sem og að vinna að ýmsum umbótum innan fangelsisins.

Greining á trúar- og siðferðisstefjum

Hér á eftir verður leitast við að greina megintrúar- og siðferðisstef myndarinnar sem greinarhöfundur virðast einkum vera exodus-stefið, endurlausnin og loks vonin.⁸ Með því móti verða hin biblíulegu tengsl myndarinnar væntanlega skýrari.

Fangelsisstjórinn færir öllum föngum Biblíu við komu þeirra í fangelsið en ávarpar þá jafnframt þannig: „Ég trú á tvennt: aga og Biblíuna. Hér fáid þið hvort tveggja. Treystið á Drottin. Ég á rassinn á ykkur. Velkomnir í Shawshank.“ Þarna er strax skýr vísbending um að þess sé að vænta að Biblían gegni hlutverki í myndinni, sem sannarlega er raunin.

Red, önnur aðalpersóna myndarinnar, er yfirvegaður og viðfelldinn blökkumaður. Vinátta þeirra Andys og Reds er eitt meginstef myndarinnar. Í umfjöllun um myndina hefur verið bent á eftirfarandi orð Prédikarans og eiga þau vissulega vel við um þá vináttu sem tekst með þeim Andy og Red:⁹

Betri eru tveir en einn, með því að þeir hafa góð laun fyrir strit sitt. Því að falli annar þeirra, þá getur hinn reist félag sinn á fætur, en vei einstæðingnum sem fellur og enginn annar er til að reisa á fætur. Sömuleiðis ef tveir sofa saman, þá er þeim heitt, en sá sem er einn, hvernig getur honum hitnað? Og ef einhver ræðst á þann sem er einn, þá munu tveir geta veitt honum mótstöðu, og þrefaldan þráð er eigi auðvelt að slíta. (Préd 4.9-12)

Þegar Andy lýsir yfir sakleysi sínu við Red svarar sá síðarnefndi: „Þú fellur vel inn í hópinn hér. Þú veist væntanlega að hér eru allir saklausir?“ Þetta er að sjálfsögðu háð enda voru þeir vistaðir í sérstöku öryggisfangelsi þar sem fangarnir höfðu aðra og alvarlegri glæpi á samviskunninni en stöðumælabor.

Sögumaðurinn Red upplýsir okkur um að í fangelsi geri maður hvað sem er til að dreifa huganum. Það sem hann vissi hins vegar ekki, né nokkur innan veggja fangelsisins, var hvað Andy hafði fyrir stafni að næturlagi. Þó hafði Red útvegað honum múrhamar en hafði jafnframt reiknað út að það tæki 600 ár að grafa sér göng út úr fangelsinu með slíkum hamri. Það tók Andy hins vegar innan við tuttugu ár að grafa slík göng og plakati af Ritu Hayworth gegnir þar stóru hlutverki því að á bak við plakatið opnuðust göngin sem leiddu til frelsisins, exodus. Veggspjöld af Marilyn Monroe og Rachel Welsh leystu smám saman upphaflega veggspjaldið af hólmi.

Exodus-stefið

Með exodus-stefi er yfirleitt átt við frelsun úr ánaud og þá með skírskotun til flóttu hinna hebresku þræla úr Egyptalandi undir forystu Móse, eins og atburðunum er lýst í 2. Mósebók og ýmsum öðrum ritum Gamla testamentisins sem vísa aftur til hennar, ekki síst Jes 40-55. Sagan af brottför hinna ánaudugu Hebraea frá Egyptalandi er lykilsaga í Gamla testamentinu, líkt og upprisan í Nýja testamentinu.

Tengslin við 2. Mósebók og frásögn þess rits af frelsun hinna hebresku þræla úr ánaudinni í Egyptalandi eru undirstrikuð með því að fangelsisstjórinn finnur múrhamar Andys inni í Biblíu eftir flóttu hans úr fangelsinu og Biblían opnast á þeim stað að við áhorfandanum blasir orðið exodus (brottför). Það eykur á kaldhæðnina að til þessa rits sótti fangelsisstjórinn sína grundvallarreglu, þ.e. bannið við að leggja nafn Guðs við hégóma (2Mós 20.7). En Andy er sloppinn úr þrisundinni í Shawshank-fangelsinu þegar fangelsisstjórinn illræmdi finnur hamarinn inni í

⁸ Sbr. J. Moltmann, *Theology of Hope*, London: SCM Press, 1967. Íslenska kynningu á guðfræði Moltmanns er að finna í grein Gunnars Kristjánssonar, „Vonin í guðfræði Moltmanns“, *Ritröð Guðfræðistofnunar* 25/2007, bls. 25–43.

⁹ Robert K. Johnston, *Reel Spirituality: Theology and Film in Dialogue*, Grand Rapids: Baker Academic, 2000.

Biblíunni,¹⁰ hefur öðlast það frelsi sem hann gaf aldrei upp vonina um að öðlast. Áhorfendur minnst þess þá e.t.v. að fangelsisstjórinn hafði afhent Andy Biblíuna með orðunum: „Hjálpræðið (frelsunin) felst í henni.“¹¹ Þessi setning („Salvation lies within“) gegnir lykilhlutverki í myndinni og felur í sér margræðni. Hún vísar til hamarsins inni í Biblíunni, en skírskotar einnig til upplifunar einstaklingsins á frelsi/endurlausn annars vegar innra með sér og hins vegar innan fangelsismúranna þar sem fangarnir upplifa ákveðna endurlausn fyrir tilstuðlan Andys. Þar er endurlausnin m.ö.o. raungerð.

Raunar eiga Andy og fangelsisstjórinn það sameiginlegt að kunna Ritninguna utanbókar. Þegar fangelsisstjórinn gerði einu sinni skyndileit í klefa Andys sat sá síðarnefndi og las í Biblíunni. Aðspurður um hvort hann ætti sér uppáhaldsritningarstað svaraði Andy: „Vakið því, þér vitið ekki, nær húsbóndinn kemur...“ Fangelsisstjórinn svaraði að bragði að þetta væri Mrk 13.35. Síðan fór hann með sinn uppáhaldsritningarstað: „Ég er ljós heimsins. Sá sem fylgir mér, mun ekki ganga í myrkri, heldur hafa ljós lífsins.“ Og Andy reyndist vita að þessi orð voru Jóh 8.12.

Þáttaskil verða í myndinni þegar fangelsisstjórinn hefur látið myrða fanga sem nýkominn var í fangelsið og bjó yfir vitneskju sem sýnt gat fram á sakleysi Andys. Þegar Andy færði sögu fangans unga í tal við fangelsisstjóran varð það til þess eins að fanginn var myrtur en Andy sjálfur settur í mánaðarlanga einangrun sem síðar var tvöfölduð.

Yfir peningaskáp fangelsisstjórans er mynd með eftirfarandi texta: „Dómurinn kemur og það mjög fljótt“ (His Judgment Cometh and that Right Soon).¹² Þessi orð vekja með áhorfendum þá trú að fangelsisstjórinn muni fyrr eða síðar hljóta makleg málagjöld, muni hljóta sinn dóm. Biblíukunnátta hans sé aðeins til marks um yfirborðskristni hans.

Vert er að taka eftir því að hugtökin fæðing og endurfæðing skipta miklu máli í myndinni. Þegar Andy hefur skriðið í gegnum 500 metra langt rör af saur og stendur nakinn úti í rigningunni lyftir hann höndum með opnum lófum til himins eins og í bæn. Þetta er ekki í fyrsta sinn í myndinni sem við sjáum nakinn líkama Andys. Í báðum tilfellum má skoða nekt hans sem svo að hún sé tákn fyrir það að verið sé að afklæða hann hinu gamla og undirbúa hann undir nýtt líf. Fyrsta skiptið var er hann var afklæddur og settur í sturtu eða öllu heldur „smúlaður“. Í báðum tilfellum tengir sögumaðurinn, Red, atburðinn við fæðingu. Er hann lýsir inngöngu Andys í fangelsið segir hann: „Þeir láta þig þramma inn nakinn eins og þú varst er þú fæddist.“¹³ Og er hann lýsir flóttu Andys gegnum skolprórið (sem hjá mér skapaði hugrenningatengsl við flóttu hinna hebresku þræla í gegnum Rauða hafið, 2Mós 14) segir Red: „Hann kom út um hinn endann eins ferskur og hreinn og nýfætt barn.“ Í báðum tilfellum er nektin sýnilegt tákn um fæðingu, endurfæðingu – umskipti frá hinu gamla til hins nýja. Á svipaðan hátt notar Páll postuli líkinguna af barnsfæðingu til að lýsa því hvernig Andinn frelsar ekki aðeins mannkynið með von heldur sköpunina í heild sinni (sjá Róm 8.22-23).

Red, vinur Andys, öðlast loks frelsi eftir fjörutíu ára vist í fangelsinu og sú tala minnir okkur á fjörutíu ára óbyggðagöngu Ísraelsmanna á leiðinni til fyrirheitna landsins. Í þessu tilfelli er fyrirheitna landið Mexíkó, það land sem Andy hafði sagt honum frá og beint honum til. Þar hittast þeir að lokum á sólríkri ströndu svo að áhorfandinn öðlast trú á gildi vonarinnar.

¹⁰ Sagt hefur verið um hamarinn í myndinni að hann sé einhver áhrifamesta myndhverfing (e. *metaphor*) fyrir von í nútímakvikmyndum. Sjá Bryan P. Stone, *Faith and Film: Theological Themes at the Cinema*, St. Louis, Missouri: Chalice Press, 2000, bls. 184.

¹¹ Hér getur verið tilefni til að minna á að í Biblíunni er hjálpræðið ekki bara andlegt hugtak heldur vísar það einnig til áþreifanlegrar hjálpar hér og nú. Fangelsisstjórinn hefur verið með hið fyrnefnda í huga en Andy fær að upplifa hið síðarnefnda.

¹² Hér er ekki um orðréttá vísun í neinn biblíutexta að ræða en víða í Biblíunni er þá hugsun að finna að dómurinn sé á næsta leiti.

¹³ Orðlagið minnir á orðalag Jobs í samnefndri bók 1.21: „Nakinn kom ég af móðurskauti / og nakinn hverf ég þangað aftur.“

Hugtakið von og merkingarsvið þess

„Vonin er góð, kannski það allra besta, og hið góða deyr aldrei“ fáum við að heyra í myndinni en áður hafði „Red“ varað Andy við því að vonin væri hættuleg. En vonin bregst ekki í þessari mynd heldur þvert á móti. Í hugann koma ýmis orð Ritningarinnar um vonina, svo sem: „Von hinna hrjáðu bregst eigi sífellt“ (Slm 9.19) og „von þín mun eigi að engu verða“ (Okv 23.18).

Hugtakið von og merkingarsvið þess gegnir stóru hlutverki í Biblíunni. Vonin eins og hún birtist í Gamla testamentinu er ekki óljós bjartsýni heldur rótgróið traust og eftirvænting sem byggist á fyrirheitum Drottins til hins forna Ísraels. Fyrirheitin fela ekki í sér heimsflotta heldur umbreytingu á hlutskipti manna innan þessa heims. Uppfylling fyrirheitanna birtist m.a. í ýmsum spámanna-textum Gamla testamentisins, svo sem Jes 40-55, Jer 30-33 og Esk 33-48.¹⁴

Það er vert að veita því athygli að hið hebreska vonarhugtak *tikva* kemur sérstaklega oft fyrir í Jobsbók (13 sinnum), þeirri bók sem fjallar um þjáningu hins réttláta manns. Þar segir m.a.: „Þannig öðlast hinn hjálparlausí von og vonskan lokar gini sínu“ (Job 5.16). Óneitanlega skapar mikil notkun Jobsbókar á hugtakinu von hugrenningatengsl við kvikmyndina *The Shawshank Redemption* og ekki síst aðalpersónu myndarinnar.

J. Moltmann, sá guðfræðingur sem mest og best hefur fjallað um vonina í Biblíunni, hefur sagt að hin kristna von voni þar sem engin von er, hún sé von hinna vonlausu.¹⁵ Þau orð hans minna á samræður þeirra Andys og Reds um vonina í *The Shawshank Redemption*.

Andy heldur alltaf í von um björgun og sleppur um síðir á ótrúlegan hátt og býr jafnframt í haginn fyrir vin sinn og sendir honum þessi skilaboð: „Ég mun svipast eftir þér og hafa skákbordið tilbúið.“ Þessi orð skapa hugrenningatengsl við orð Jesú í Jóhannesarguðspjalli um að hann muni fara á undan lærisveinunum til að búa þeim stað (Jóh 14.2-3). Kvikmyndin endar á orðum sögumannsins Reds og það segir sína sögu að í lokaorðum hans koma orðin „ég vona“ fjórum sinnum fyrir. Hann, sem áður hafði sagt að vonin væri hættuleg, á lokaorð myndarinnar: „I hope“ (ég vona). Vel má því taka undir þau orð Bryans P. Stone í ágætri umfjöllun hans um myndina að hún sé dæmisaga til útskýringar á kristinni von.¹⁶

Lokasena myndarinnar sem sýnir hvíta ströndina í Mexíkó og bláa víðáttu Kyrrahafsins myndar óneitanlega sterka andstæðu við einangrun og innilokun fangelsisins.

Ekki er ofsagt að þessi velheppnaða kvikmynd sé sannkallaður óður til vonar og vináttu og hafi að geyma kraftmikla guðfræði vonarinnar.

Endurlausnarhugtakið

Ekki verður skilið svo við trúarlega þætti þessarar áhugaverðu myndar án þess að fara nokkrum orðum um hugtakið „redemption“ (endurlausn)¹⁷ þar sem það kemur fyrir í sjálfum titli myndarinnar. Nærtækast virðist að telja að hugtakið vísi einfaldlega til flotta Andys úr fangelsinu og til þess frelsis sem hann öðlaðist þar með. Við nánari skoðun reynist fleira hanga á spýttunni.

¹⁴ Sjá W. Brueggemann, *Reverberations of Faith: A Theological Handbook of Old Testament Themes*, Louisville, London: Westminster John Knox Press, 2002, bls. 100–102.

¹⁵ Sjá Gunnar Kristjánsson, „Vonin í guðfræði Moltmanns“, bls. 43.

¹⁶ Bryan P. Stone, *Faith and Film*, bls. 183.

¹⁷ Að baki orðinu endurlausnari er hebreska orðið *goel* sem er lýsingarháttur af sögninni *gual* sem þýðir að endurleysa eða kaupa lausan. Alls kemur þessi sögn 17 sinnum fyrir hjá D-Jes, þar af 10 sinnum sem lýsingarháttur (Jes 41.14; 43.14; 44.6,24; 47.4; 48.17; 49.7,26; 54.5,8. Ýtarlegustu umfjöllunina um notkun D-Jes á þessari sögn er að finna í bók C. Stuhlmüllers, *A Creative Redemption in Deutero-Isaiah*, Analecta Biblica 43, Róm: Biblical Institute Press, 1970.

Áður en lengra er haldið er rétt að huga að notkun endurlausnarhugtaksins hjá Deutero-Jesaja (þ.e. Jes k. 40-55),¹⁸ en svo er í biblíufræðunum gjarnan nefndur nafnlaus spámaður (einnig nefndur Jesaja annar) sem sýnilega hefur starfað meðal útlaganna frá Júda í Babýlon við lok hinnar babýlónsku herleiðingar, 550 f. Kr., og boðað þeim huggun og von. Hefur hann oft verið nefndur „evangelisti Gamla testamentisins.“ Af því að umfjöllunarefnið hér er kvikmynd má nefna að aðalpersónunni í bandarísku helfararkvikmyndinni *Jakob the Liar* (1997) hefur verið líkt við Jesaja annan.¹⁹ Sögulegur bakgrunnur þessa spámanns sem fræðimenn hafa vanist að kalla Jesaja annan eða Deutero-Jesaja (D-Jesaja) minnir um margt á aðstæður í Shawshank-fangelsinu og vonleysi ríkir meðal hinna herleiddu eins og fanganna í kvikmyndinni. Það er því full ástæða til að huga aðeins að þessum áhugaverða spámanni Gamla testamentisins og einkum þó guðfræði hans.

Guðfræði D-Jesaja stendur föstum fótum í hinni sögulegu hefð Gamla testamentisins. Eins og Ísrael varð við Sínaíffjall að heilagri þjóð vegna frumkvæðis Jahveh og andsvars fólksins, þannig varð þjóðin að útvöldum lýð í frelsuninni af Egyptalandi. Exodus-viðburðurinn var skilinn sem endurlausnarathöfn (2Mós 15.3; 6.6; Slm 77.15). Hebreska hugtakið *góel* „endurlausnari“ er komið úr fjölskylduréttinum, eins og vel kemur fram í Rutarbók þar sem hugtakið er mikið.

Endurlausnaranum *góel* (eða „lausnarmanninum“), sem nánasta karlkyns ættingja, bar skylda til að standa vörð um hagsmuni skjólstaðings síns. Ef ættinginn var seldur í þrældóm bar endurlausnaranum t.d. að kaupa hann lausan. Væri blóði ættarinnar úthellt bar endurlausnaranum sömuleiðis skylda til að hefna þess. Þýðing hugtaksins í D-Jesaja sést best á því hversu oft það er notað sem titill. Jahveh er endurlausnari (*góel*) Ísraels og hann uppfyllir skyldur sínar sem endurlausnari með því að greiða lausnargjaldið fyrir þjóð sína (Jes 43.3). Nýi þátturinn í endurlausnar-skilningi spámannsins er fólgin í hinni eskatológísku sýn. Því hefur verið haldið fram²⁰ að allur hinn eskatológíski atburður sem tengdur er komu Drottins sé fólgin í endurlausninni. Þessa atburði má draga saman á eftirfarandi hátt:

- a. Frelsunin sem boðuð er úr herleiðingunni í Babýlon er á sama hátt og frelsað var úr ánaudinni í Egyptalandi forðum (Jes 43.5-7; 45.13; 48.20; 49.9,11,14; 52.2-3; 55.12-13)
- b. Dómur yfir óvinum Ísraels (41.11nn; 49.25-26; 51.23)
- c. Snúið heim á ný (40.9-10; 43.20; 49.11; 51.11; 55.12-13)
- d. Jerúsalem endurbyggð (44.26; 45.13; 49.16-17; 51.3; 52.9)
- e. Endurreisn hinnar heilögu borgar (52.1; 54.11-12)
- f. Endurreisn landsins sem hliðstæða gjafar landsins (44.26; 49.8,19)
- g. Þjóðunum „snúið“ (45.20-23; 51.4-5; sbr. 49.6)

Endurlausnin er í annan stað andlegs eðlis. Jahveh huggar þjóð sína og afmáir syndir hennar (43.25; 44.22; 54:8). Spámaðurinn sækir mjög gjarnan myndmál sitt yfir endurlausnina í orðaforða hernaðar. Hið nýja tímaskeið hefst með sigri Jahveh yfir óvinum sínum (40.9-10; 42.13). „Armleggur Jahveh“ er eitt aðaltáknið sem notað er til að lýsa hinum guðlega mætti. „Armleggur hans aflar honum yfirráða“ (40.10) og „grundvallar jörðina“ (48.12) og „dæmir þjóðirnar“ (51.5). Ástæðuna til þess að D-Jesaja notar sköpunarstefið jafn oft og raun ber vitni er sú að í sköpuninni hefur Guð reynst vera máttugur drottinn og í ljósi þess fær um að endurleysa Ísrael.

¹⁸ Góða umfjöllun um þennan hluta Jesajaritsins og guðfræði Jesaja er að finna hjá Claus Westermann, *Isaiah 40–66: A Commentary*, London: SCM, 1969, bls. 3–294.

¹⁹ Gunnlaugur A. Jónsson, *Von í þjáningu. Trúarstef í nokkrum helfararmyndum*, Deus ex cinema, Reykjavík, Guðfræðistofnun, 2003, bls. 100–111.

²⁰ Hér er byggt á umfjöllun bandaríska gamlatestamentisfræðingsins J. Muilenburgs (1896–1974) úr 5. bindi ritraðarinnar *Interpreter's Bible* frá 1958.

Víkjum þá aftur að endurlausninni í kvikmyndinni *The Shawshank Redemption*. Þar kemur skýrt fram að Andy er ekki bara með hugann við eigin flótta, fjarri því. Hann leitast með ýmsu móti við að bæta kjör samfanga sinna. Með mikilli þrautseigju tekst honum að afla styrkja til að byggja upp mjög gott bókasafn innan fangelsisins. Hann stendur einnig fyrir fullorðinsfræðslu meðal fanganna til að gera þeim lífið bærilegra og styrkja stöðu þeirra ef og þegar þeir fá lausn úr fangelsinu.

Þegar Andy hefur sannfært yfirfangavörðinn um að þiggja skattaráðgjöf sína þá biður hann um laun til handa samverkamönnum sínum innan fangelsis, þrjá bjóra á mann. Red, sögumaður myndarinnar, segir að bjórinn hafi orðið til þess að fangarnir hafi um stund fundið til frelsis. Sama gerist þegar Andy stelst frá bókasafninu til að spila eina af arium Mozarts úr *Brúðkaupi Fígarós* þannig að hún hljómaði út um allt fangelsið. Einnig þá fáum við að heyra að fangarnir hafi um stutta stund fundið til frelsis.

Við megum heldur ekki gleyma því að hefndin er hluti af endurlausnarhugtaki Gamla testamentisins og Andy nær svo sannarlega að koma fram hefndum gagnvart fangelsisstjóranum. En síðast en ekki síst sjáum við hvernig stemmningin breytist innan fangelsisins eftir flótta Andys. Það er ekki laust við að í hugann komi samfélag lærisveinanna eftir upprisu frelsarans. Og Andy býr í haginn fyrir Red þannig að þegar hann loks fær náðun þá hefur Andy þegar búið honum stað og þeir hittast í fyrirheitna landinu, Mexíkó.

Endurlausnarhugtakið er því mun víðtækara í myndinni en svo að það nái bara til flótta Andys.

Krists- eða Mósegervingur?

Því hefur verið haldið fram að líta megi á Andy sem kristsgerving í myndinni. Þar finnst mér fullmikið sagt. Arnfríður Guðmundsdóttir hefur fjallað um Kristsgervinga í kvikmyndum.²¹ Hún segir að kristsgervingur þurfi ekki að líkjast Kristi í öllum meginatriðum til að geta með réttu kallast því nafni, þó að ekki sé nóg að um sé að ræða aðeins lauslega skírskotun. Í öðru lagi þurfi kristsgervingur að hafa trúverðuga skírskotun til persónu Krists, eða boðskapar Jesú. Með öðrum orðum þurfi sú tilvísun sem á sér stað að vera í samræmi við líf og starf Krists og ekki á skjön við frelsunar- og kærleiksboðskap hans. Vissulega má í starfi Andys innan Shawshank-fangelsisins sjá vissar hliðstæður við Krists en sjálfum finnst mér þær ekki svo viðamiklar að nægi til að tala um kristsgerving. Dæmi um augljósan kristsgerving í fangelsiskvikmynd er persóna John Coffey í myndinni *The Green Mile* (1999) sem gerð var eftir samnefndri bók Stephen King.

En hvað með hugtakið Mósegerving ef við göngum út frá því að skilgreining á því hugtaki sé svipuð og skilgreining Arnfríðar á kristsgervingi? Ljóst er að kvikmyndinni *The Shawshank Redemption* er ætlað að skapa hugrenningatengsl við exodus.

Þegar Biblían opnast frammi fyrir fangelsisstjóranum eftir flótta Andys þá blasir við orðið exodus og far eða útskurður sem sýnir að þarna hafi hamar verið falinn í Biblíunni. Það er vísbending um að þessi skyldleiki er ekki tilviljunarkenndur. Samband Andys og Reds minnir á samband Móse og Arons í frásögnum 2. Mósebókar. Móse, sem er stirt um mál, þarf á hjálp bróður síns að halda. Hið sama á við Andy, sem sækir margvíslega hjálp til Reds. Andy vinnur að því að bæta aðstöðu meðfanga sinna með sama hætti og Móse gerði meðan á óbyggðagöngunni stóð og kom til móts við margvíslegar kvartananir og mögланir fólksins sem flúið hafði með honum út úr þræláhusinu. En vissulega er sá munur á að fangarnir í Shawshank flýja ekki með Andy. En Móse er ótvírætt leiðtogiflöttamannanna frá Egyptalandi. Flótti Andys gegnum skolprörið kallast á við flótta

²¹ Arnfríður Guðmundsdóttir, „Kristur á hvíta tjaldinu: Um túlkun á persónu og boðskap Jesú Krists í kvikmyndum“, *Guð á hvíta tjaldinu: Trúar- og biblíustef í kvikmyndum*, ritstj. Bjarni Randver Sigurvinsson, Gunnlaugur A. Jónsson og Porkell Ágúst Óttarsson, Reykjavík: Háskólaútgáfan, 2001, bls. 33–69, einkum bls. 52–53.

Hebreanna forðum gegnum Rauða hafið. Hamar Andys minnir á sprota Móse sem hann notaði bæði til að kljúfa hafið og slá vatn af kletti til að svala þorsta fólksins. Sú viðleitni Andys að stuðla að menntun samfanga sinna minnir á boðorðin sem Móse tók við og var ætlað stórt hlutverk í trúarlegri fræðslu manna. Móse og Andy eru báðir sakaðir um að hafa orðið manni að bana. Þannig að það er sitthvað sem sameinar og frásögnin í kvikmyndinni er öll undir formerkjum exodus-stefs, endurlausnar og vonar. Öll skapa þau hugtök hugrenningatengsl við Móse. Hann náði þó aldrei til fyrirheitna landsins en leiddi lýð sinn þangað og vakti von í brjósti fólksins og stuðlaði að endurlausn. Andy kom fram hefndum gegn fangelsisstjóranum og samverkamönnum hans. Hið sama gerir Móse gagnvart faraó og hirð hans. Loks má nefna að Andy kemur manni fyrir sjónir sem sérlega rólegur og hógvær maður. Það minnir á að í 4Mós 12.3 segir að Móse hafi verið hógvær maður, „hógværari en nokkur annar á jörðinni.“

Þrátt fyrir þessar hliðstæður væri of langt gengið að tala um Andy sem Mósegerving. Allt eins mætti segja að í persónu Andys birtist bæði skyldleiki við Móse og Jesú.²² Skyldleikinn er líka verulegur við hugtak endurlausnarans (*góel*) í Gamla testamentinu, sem bæði frelsar úr ánauð og kemur fram hefndum.

Niðurstöður

Kvikmyndin *The Shawshank Redemption* hefur það fram yfir fjölmargar kvikmyndir sem lýsa flótta úr fangelsum að hún er háguðfræðileg. Vonarhugtakið kemur þar mjög við sögu og skapar margvísleg biblíuleg hugrenningatengsl. Exodus-stefið gegnir og stóru hlutverki í henni, sem og bræðralag og vinátta tveggja lykilpersóna myndarinnar (sbr. Préd 4). Lykilsetning í myndinni er: „Hjálpræðið/frelsunin er í henni“ (þ.e. Biblíunni) og þar er mikilvægt að gefa gaum að þeirri margræðni sem í setningunni felst. Endurlausnarhugtakið í titli myndarinnar vísar ekki bara til flótta Andys heldur líka og ekki síður til starfs hans innan fangelsisins að því að gera samföngum sínum lífið bærilegra, auka menntun þeirra o.s.frv. Þar má greina skyldleika við notkun þessa hugtaks hjá útleigðarspámanni Gamla testamentisins sem boðaði huggun og von um björgun úr ánauð (Jes 40-55). Og eins og rakið hefur verið hér að framan má greina margvísleg tengsl milli persónu Andys og Móse eins og honum lýst í Mósebókunum, einkum í 2. Mósebók, þeirri bók sem ber heitið Exodus á fjölmörgum útlendum tungumálum. Skyldleiki er og við Krist sjálfan þannig að segja má að í persónu Andys fléttist saman eiginleikar sem kallist á við *góel* (endurlausnara) Gamla testamentisins, Móse og Jesú Krist sjálfan.

Hér er um að ræða kvikmynd sem vel má njóta sem hefðbundinn myndar um flótta úr fangelsi. Hún reynist hins vegar, þegar dýpra er skyggst, fela í sér guðfræði vonar, endurlausnar og björgunar (exodus) og að auki hafa að geyma skírskotun til tveggja þekktustu og mikilvægustu persóna Biblíunnar.

²² Það væri reyndar ekki nýtt heldur gerist það fyrst í Matteusarguðspjalli, sbr. Dale C. Allison, *The New Moses: A Matthean Typology*, Minneapolis: Fortress Press, 1998.